

**Sþ.**

**619. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940 og við brtt. á þskj. 587.

I. Frá <i>Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.</i>	
Við 8. gr. (Borðfé konungs).	
Fyrir „75000“ kemur .....	30000
Til vara .....	60000
II. Frá <i>Sigurði Kristjánssyni.</i>	
1. Við 11. gr. A. 7. b. 1. (Laun við toll- og löggæzlu utan Rvíkur).	
Fyrir „48000“ kemur .....	12000
2. Við 11. gr. A. 7. b. 2. (Annar kostn.).	
Fyrir „22000“ kemur .....	18000
III. Frá <i>Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.</i>	
Við 11. gr. A. 11. (Landhelgisgæzla).	
Fyrir „400000“ kemur .....	600000
IV. Frá <i>Bergi Jónssyni, Finni Jónssyni og Sigurði Kristjánssyni.</i>	
Við 13. gr. A. II. c. 9. Nýr liður:	
Til Þorskafjarðarvegur .....	10000
V. Frá <i>Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.</i>	
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).	
Liðinn skal orða svo:	
Til brúargerða .....	50000
Þar af til brúar yfir Jökulsá á Brú 20 þús. kr.	
VI. Frá <i>Skúla Guðmundssyni.</i>	
Við 13. gr. B. 1. b. Liðinn skal orða svo:	
Eimskipafélags Íslands .....	82000
enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi sem áður og með eigi minni skipastól, ef efnahagur þess leyfir. Ennfremur greiði félagið allan aukakostnað, sem af því leiðir, að vörur, sem skip þess flytja frá útlöndum, þurfa að affermast til umhleðslu á öðrum höfnum en endanlegum ákvörðunarstöðum, svo framarlega sem félagið hefir haldið uppi siglingum til þeirra staða á undanförunum árum.	

VII.	Frá samvinnunefnd samgöngumála. Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir). Fyrir „80200“ kemur .....	87900
VIII.	Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni. 1. Við 13. gr. C. II. (Laun vitavarða). Fyrir „34000“ kemur .....	40000
	2. Við 13. gr. C. III. (Rekstrarkostn. vitanna). Fyrir „165000“ kemur .....	200000
	3. Við 13. gr. C. IV. (Viðhald og endurbætur). Fyrir „20000“ kemur .....	30000
IX.	Frá Bjarna Ásgeirssyni. Við 13. gr. C. VIII. 7. Nýr liður: Í Borgarnesi, til lengingar hafskipabryggju .....	16000
X.	Frá Sigurði Kristjánssyni og Vilmundi Jónssyni. Við 13. gr. C. IX. 6. Nýr liður: Til bryggju á Reykjanesi (síðasta greiðsla) .....	2000
XI.	Frá Jóhanni Jósefssyni. Við 13. gr. C. XI. Nýr (rómv.) liður: Til endurbóta á innsiglingu Vestmannaeyjahafnar .....	20000
	Til vara .....	15000
XII.	Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni. Við 14. gr. B. I. a. (Laun við háskólann). Fyrir „99000“ kemur .....	120000
XIII.	Frá Pétri Halldórssyni, Vilmundi Jónssyni, Gísla Sveinssyni, Finni Jónssyni og Thor Thors. Við 14. gr. B. I. u. (Háskólinn). Nýr stafliður: Til kennaraibúða .....	20000
XIV.	Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni. Við 14. gr. B. II. a. (Stúdentar erlendis). Fyrir „19200“ kemur .....	25000
XV.	Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni. Við 14. gr. B. III. (Viðskiptaháskóli). Liðurinn fellur niður.	
XVI.	Frá Vilmundi Jónssyni og Sigurði Kristjánssyni. Við 14. gr. B. XV. 2. b. (Stofnkostn. héraðsskóla). Við liðinn bætist aths.: • Þar af til Reykjanesskóla 15000 kr. Til vara: 10000 kr.	
XVII.	Frá Ásgeiri Ásgeirssyni, Garðari Þorsteinssyni, Bergi Jónssyni, Gísla Sveinssyni, Vilmundi Jónssyni, Magnúsi Jónssyni og Pálma Hannessyni. Við 14. gr. B. XXIX. (Stúdentagarður). Fyrir „5500“ kemur .....	10000
XVIII.	Frá Jóhanni Jósefssyni. Við 15. gr. 14. Nýr liður: Til sjómannalessstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum .....	500
XIX.	Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni. Við 15. gr. 38. (Félag „Vökumanna“). Liðurinn fellur niður.	
XX.	Frá Jóhanni Jósefssyni, Pálma Hannessyni, Steingrими Stein- þórssyni, Vilmundi Jónssyni, Helga Jónassyni, Sveinbirni Högnasyni og Sigurði Kristjánssyni. Við 15. gr. 38. Nýr liður: Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans .....	3000

XXI. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> . Við 15. gr. 39. Nýr liður: Til Magnúsar Ásgeirssonar skálds, byggingarstyrkur .....	1000
XXII. Frá <i>Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni</i> . Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur). Fyrir „500000“ kemur .....	750000
XXIII. Frá <i>landbúnaðarráðherra</i> . Við 16. gr. 10. (Jarðakaupasjóður). Fyrir „20000“ kemur .....	85000
XXIV. Frá <i>Bergi Jónssyni</i> . Við 16. gr. 30. Nýr liður: Til ræktunarvegjar í Flatey á Breiðafirði .....	1000
XXV. Frá <i>Sveinbirni Högnasyni og Gísla Sveinssyni</i> . Við 16. gr. 37. Nýr liður: Til Einars Sverrissonar í Kaldrananesi, til vélaverkstæðis .....	3000
<i>Til vara</i> .....	2000
XXVI. Frá <i>Sigurði Kristjánssyni</i> . Við brtt. 587, 105. a. (Við 16. gr. 68. Fiskveiðasj. Íslands). Fyrir „30000“ kemur .....	75000
XXVII. Frá <i>Sigurði Kristjánssyni</i> . Við 16. gr. 73. (Skömmtunarskrifstofa ríkisins). Fyrir „85000“ kemur .....	12000
XXVIII. Frá <i>Skúla Guðmundssyni</i> . Við 17. gr. 18. Nýr liður: Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Ægis í Þverárhreppi ....	150
XXIX. Frá <i>Pálma Hannessyni og Steingrими Steinþórssyni</i> . Við 17. gr. 28. Nýr liður: Til sjúkrasamlags Sauðárkróks .....	600
XXX. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> . Við 18. gr. II. f. 21. (Jón í Galtarholti). Fyrir „300.00“ kemur .....	600.00
<i>Til vara</i> .....	500.00
XXXI. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> . Við 18. gr. II. f. 27. Nýr liður: Ragnheiður Straumfjörð .....	400.00
<i>Til vara</i> .....	300.00
XXXII. Frá <i>Sigurði Kristjánssyni</i> . Við 18. gr. II. g. Nýr stafliður (h.): Skáld og listamenn: Guðmundur Friðjónsson .....	2400
XXXIII. Frá <i>Pálma Hannessyni</i> . Við 22. gr. III. Nýr liður: Að greiða Páli Sveinssyni yfirkennara full laun, ef hann lætur af embætti á árinu, enda vinni hann að því að fullgera hina frakknesk-íslenzku orðabók sína.	
XXXIV. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni og Eiriki Einarssyni</i> . Við 22. gr. V. Nýr liður: Að greiða Áburðarsölu ríkisins allt að 100000 kr. styrk úr ríkissjóði vegna verðhækkunar á tilbúnum áburði á árunum 1939 og 1940, samkvæmt nánari ráðstöfun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélagi Íslands.	

XXXV. Frá *Páli Hermannssyni* og *Páli Zóphóniassyni*.

Við 22. gr. VI. Nýr liður:

Að greiða Magnúsi bónda Þorsteinssyni í Húsavík í Borgarfirði eystra 1500 kr. styrk vegna fokskaða 5. marz 1938.

XXXVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, til varnar gegn landbroti á Vestmannaeyjajörðum og uppblæstri gróðurs á Heimaey, og verja til þess nokkrum hluta af tekjum umboðsins. (Endurheimild).

XXXVII. Frá *landbúnaðarráðherra*.

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að kaupa Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir samningar takast um verð og greiðsluskilmála. (Endurheimild).